

61. Zalewski, Kristín Helga, húsmóðir í Skorradal, f. 10. júlí 1949 í Reykjavík.
62. Överby, Guðbjörg Ásgerður, fiskvinnslukona á Ísafirði, f. 20. september 1948 í Reykjavík.

2. gr.

Þeir sem heita nöfnum sem ekki fullnægja reglum laga um mannanöfn, nr. 37 27. mars 1991, skulu ekki öðlast íslenskt ríkisfang samkvæmt lögum þessum fyrir en fullnægt er ákvæðum 15. gr. laga um mannanöfn. Sama gildir um börn þeirra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. maí 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

L Ö G

um að leggja niður Lífeyrissjóð ljósmæðra.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög um Lífeyrissjóð ljósmæðra, nr. 86/1938, með síðari breytingum, eru úr gildi felld.

2. gr.

Allar skuldbindingar, sem á lífeyrissjóðnum hvíla, falla á ríkissjóð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. maí 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.